



# **Dyrhólaey**

## **friðland í Mýrdalshreppi**

**Stjórnunar- og verndaráætlun 2021-2030**

**September 2021**

Heiti skýrslu: Dyrhólaey, stjórnunar- og verndaráætlun 2021-2030

Útgáfunúmer: UST-2020-14

Mánuður, ár: Júlí 2021

Ábyrgðarmaður: Guðbjörg Gunnarsdóttir

Útgefandi: Umhverfisstofnun

Forsíðumynd: Raul Taciú, mynd sótt af Unsplash.com

Aðrar myndir: Daníel Freyr Jónsson

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591 2000

Netfang: [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Veffang: [www.ust.is](http://www.ust.is)

# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR .....</b>	<b>4</b>
1.1. Samráð .....	5
1.2. Eignarhald og umsjón .....	5
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi .....	5
1.4. Verndargildi og verndarflokkur .....	6
<b>2. LÝSING Á SVÆÐINU .....</b>	<b>7</b>
2.1. Mörk svæðisins.....	7
2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði.....	7
2.1.2. Aðkomuleiðir.....	8
2.2. Náttúruminjar .....	8
2.2.1. Jarðminjar, gróður og vistgerðir.....	8
2.2.2. Dýralíf.....	8
2.3. Menningarminjar .....	9
2.4. Landnotkun .....	10
2.4.1. Landbúnaður og hlunnindi.....	10
2.4.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun .....	10
2.4.3. Ferðaþjónusta og útivist.....	10
2.5. Helstu ógnir.....	11
2.6. Innviðir og mannvirki .....	11
2.6.1. Landvarsla .....	12
2.6.2. Samráðshópur .....	12
2.6.3. Byggingar og vegir .....	12
2.6.4. Göngu-, reið- og hjólaleiðir .....	13
2.6.5. Skilti.....	13
2.6.6. Úrgangur .....	13
2.7. Rannsóknir og vöktun .....	13
2.8. Öryggismál .....	14
2.9. Fræðsla og kynning .....	14
2.10. Mönnuð og fjarstýrð loftför.....	14
<b>3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR.....</b>	<b>15</b>
3.1. Ástandsmat.....	15
3.2. Stjórnsýsla .....	15
3.3. Svæðisskipting.....	16
3.4. Náttúruminjar .....	16
3.4.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf.....	16
3.5. Menningarminjar .....	17
3.6. Landnotkun .....	17

3.6.1.	Landbúnaður og veiðar .....	18
3.6.2.	Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir.....	18
3.6.3.	Ferðaþjónusta og útivist.....	18
3.7.	Helstu ógnir.....	18
3.8.	Innviðir og mannvirki .....	19
3.8.1.	Landvarsla .....	19
3.8.2.	Aðgengi og takmarkanir á umferð .....	20
3.8.3.	Vegir og bílastæði.....	20
3.8.4.	Göngu-, reið- og hjólaleiðir .....	21
3.8.5.	Skilti .....	22
3.8.6.	Úrgangur .....	22
3.9.	Öryggismál .....	22
3.10.	Fræðsla og kynning .....	23
3.11.	Mönnuð og fjarstýrð loftför.....	23
3.12.	Rannsóknir og vöktun .....	24
<b>4.</b>	<b>SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL .....</b>	<b>25</b>
	<b>VIÐAUKI I .....</b>	<b>28</b>
	<b>VIÐAUKI II.....</b>	<b>29</b>
	<b>VIÐAUKI III.....</b>	<b>31</b>
	<b>VIÐAUKI IV .....</b>	<b>32</b>
	<b>VIÐAUKI V .....</b>	<b>33</b>



---

*Leiðarljós þessarar áætlunar er að varðveita samspil landslags, lífríkis og menningar Dyrhólaeyjar þannig að fólk fái notið um ókomin ár í sátt við umhverfið.*

---



# 1. Inngangur

Dyrhólaey er um 120 metra hár höfði sem gengur í sjó fram við suðurströnd Íslands. Norðurhluti hans er aflíðandi brekka en annars er höfðinn þverhnípt standberg. Klettatanginn Tóin er syðsti hluti Dyrhólaeyjar og í gegnum hann er gat. Tóin er sá hluti Dyrhólaeyjar sem er hvað þekktastur.

Dyrhólaey var friðlýst sem friðland skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. [101/1978](#) og er 1,51 km<sup>2</sup> að stærð.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dyrhólaey tók gildi árið 2014 og gildir til 2023 en sú áætlun sem hér lítur dagsins ljós er endurskoðun á henni. Eldri áætlunin þjónaði ekki lengur hlutverki sínu vegna mikilla breytinga sem orðið hafa á svæðinu síðustu ár samfara fjölgun ferðamanna og breyttum áherslum varðandi uppbyggingu innviða og stjórnun ferðamannasvæða hér á landi. Að hluta til byggir þessi áætlun á forvera sínum, einkum annar kafla sem snýr að lýsingu svæðisins.

Vinna við endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dyrhólaey hófst í október 2019. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem var skipaður vegna gerðar hennar skv. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. [60/2013](#). Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar er að móta framtíðarsýn og stefnu um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda og auka eigi verndargildi þess. Henni er ætlað að vera stjórnartæki fyrir starfsemi innan friðlandsins.

Stjórnunar- og verndaráætlunin gildir til ársins 2029 og er skipt í fjóra kafla. Í fyrstu tveimur köflunum eru bakgrunnsupplýsingar um Dyrhólaey og lýsing á svæðinu, í þriðja kafla er sett fram stefnumótun og markmið fyrir svæðið og í fjórða kafla eru settar fram þær sérreglur sem gilda um friðlandið samkvæmt áætlun þessari.

Aðgerðaáætlun fyrir friðlandið gildir til þriggja ára og er uppfærð árlega í samræmi við þriggja ára verkefnaáætlun [Landsáætlunar um uppbyggingu innviða](#). Í aðgerðaáætlun eru tilgreindar þær aðgerðir sem farið verður í árlega og aðgerðir sem áætlað er að fara í til þriggja ára í senn. Aðgerðaáætlun er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Stjórnunar- og verndaráætlunin var unnin í samstarfi við landeigendur og sveitarfélagið Mýrdalshrepp. Samstarfshóp við gerð áætlunarinnar skipuðu:

- Ágúst Valfells, fulltrúi landeigenda
- Einar Freyr Elínarson, sveitarfélaginu Mýrdalshreppi
- Daníel Freyr Jónsson, Umhverfisstofnun
- Guðbjörg Gunnarsdóttir, Umhverfisstofnun
- Magnús Freyr Sigurkarlsson, Umhverfisstofnun

Upplýsingar um friðlandið Dyrhólaey má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/dyrholaey/>.

## 1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Í upphafi kynningarferlis var sent bréf til þessara aðila, sjá lista í [viðauka V](#), þar sem upplýst var um að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið væri að hefjast. Leitað var til fagstofnana á vinnslutíma og fulltrúar Umhverfisstofnunar funduðu með æðarbónda sem í kjölfarið sendi inn ábendingar. Samráðsaðilum var sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna. Eftir kynningarferlið hélt Umhverfisstofnun fund með Vegagerðinni þar sem sameiginleg málefni voru rædd. Jafnframt barst umsögn frá sveitarstjórn Mýrdalshrepps og var fundað með fulltrúum sveitarfélagsins í kjölfarið.

## 1.2. Eignarhald og umsjón

Dyrhólaey er í óskiptu landi jarðarinnar Austurhúsa sem er í eigu Mýrdalshrepps og þriggja einstaklinga. Austur- og Vesturhúsajarðir í Dyrhólahverfi eiga sameiginlega nytjar í Dyrhólaey.

Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur friðlandsins sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ráðgjafarnefnd um friðlandið er starfandi en hana skipa fulltrúar Umhverfisstofnunar og landeigenda.

## 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Dyrhólaey var friðlýst sem friðland skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 101/1978, sjá auglýsingu um friðlýsingu í [viðauka I](#). Samkvæmt auglýsingu fer Umhverfisstofnun með málefni friðlandsins.

Þeir alþjóðlegu samningar sem hafa þýðingu fyrir Dyrhólaey og íslensk stjórnvöld hafa staðfest eru samningurinn um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsamningurinn) sem fullgiltur var árið 1993, samningurinn um líffræðilega fjölbreytni (Ríósamningurinn), fullgiltur árið 1995, alþjóðasamþykkt um fuglavernd frá árinu 1956 og evrópski landslagssamningurinn sem fullgiltur var í ríkisstjórn Íslands vorið 2019.

Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með verndun fornleifa- og byggingararfs í samræmi við lög um menningarminjar [nr. 80/2012](#).

Mýrdalshreppur fer með skipulagsvald á svæðinu. Í gildi er [aðalskipulag](#) Mýrdalshrepps 2012-2028<sup>1</sup> og [deiliskipulag](#) fyrir Dyrhólaey sem samþykkt var árið 2005. Breyting á skipulaginu var gerð árið 2014.<sup>2</sup> Í umfjöllun um auðlindir í aðalskipulaginu er einn áherslupunkta að lögð verði fram skýr stefna um verndun og nýtingu Dyrhólaeyjar og aðliggjandi svæða.<sup>3</sup>

---

<sup>1</sup> VSÓ Ráðgjöf (2012)

<sup>2</sup> Landslag (2014)

<sup>3</sup> VSÓ Ráðgjöf (2012)

## 1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Verndargildi Dyrhólaeyjar felst fyrst og fremst í fuglalífi svæðisins þó ekki sé skýrt kveðið á um tilgang friðunarinnar í auglýsingunni um friðlýsinguna en í henni er lögð áhersla á verndun svæðisins á varptíma. Verndun Dyrhólaeyjar felst ekki einungis í verndun fuglalífsins heldur er einnig lögð áhersla á að vernda landslag svæðisins en segja má að lífríkið sé að vissu leyti fólgið í landslaginu auk þess sem að íhlutun mannsins hefur stuðlað að því lífríki sem er á svæðinu í dag. Með friðlýsingu Dyrhólaeyjar hefur þessi heild verið vernduð. Verndun Dyrhólaeyjar stuðlar að verndarmarkmiðum fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir sbr. 2. gr. laga um náttúruvernd [nr. 60/2013](#) en einnig að verndarmarkmiðum fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni sbr. 3. gr. sömu laga þar sem landslag friðlandsins þykir einkar fagurt og sérstætt.

Dyrhólaey var friðlýst sem friðland skv. náttúruverndarlögum nr. 47/1971. Í þeim lögum var friðland skilgreint sem landsvæði sem mikilvægt væri að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs. Með gildistöku núverandi laga um náttúruvernd breyttist skilgreiningin nokkuð en samkvæmt nýju lögum eru landsvæði friðlýst sem friðland skv. 49. gr. laganna til að vernda tilteknar vistgerðir og búsvæði og styrkja verndun tegunda lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu samkvæmt útgefnum válistum eða til verndar lífríkis sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt. Þessi markmið falla vel að þeim hluta af friðlýsingu Dyrhólaeyjar sem fjallar um að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins og þá sérstaklega fuglalífi þess. Hins vegar er ekki talað um vernd landslags í 49. gr. laganna en í 50. grein laganna er fjallað um landslagsverndarsvæði. Í kafla [3.2.](#) í áætlun þessari er lagt til að auglýsing um friðlandið Dyrhólaey verði endurskoðuð og gefst þá tækifæri til að endurmeta friðlýsingarflokk Dyrhólaeyjar.

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN á flokkun friðlýstra svæða er [flokkur V](#), verndað landslag, sá sem einna best getur átt við Dyrhólaey. Á svæðum í flokki V hefur samspil manns og náttúru skapað svæðinu sérstöðu sem byggir á vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þess. Varðveisla þessa samspils er nauðsynleg til verndunar og viðhalds svæða í flokki V og þeirra náttúrufarslegu gilda og annarra gilda sem svæðið hefur. Samkvæmt leiðbeiningum IUCN er megin markmiðið með verndun svæða í flokki V verndun landslags og lífríkis og þeirra náttúruverndargilda sem hafa orðið til með íhlutun mannsins<sup>4</sup>. Flokkur IV, verndun tegunda og vistgerða, gæti einnig átt við um Dyrhólaey en í þeim flokki er aðaláhersla lögð á lífríkisverndun.

---

<sup>4</sup> <https://www.iucn.org/theme/protected-areas/about/protected-area-categories>





## 2. Lýsing á svæðinu

### 2.1. Mörk svæðisins

Friðlandið Dyrhólaey er 1,51 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Mörk svæðisins má sjá á korti í [viðauka II](#).

#### 2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði

Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps eru náttúrufarslegir þættir taldir til helstu auðlinda hreppsins og talað um að efla byggð og nýta tækifæri til atvinnusköpunar í tengslum við þjóðgarða og verndarsvæði.<sup>5</sup> Samfélagslegt gildi Dyrhólaeyjar er fjölpætt. Hún hefur mikið hagrænt gildi þar sem margir íbúar sveitarfélagsins og aðrir hafa beinar og óbeinar tekjur af Dyrhólaey. Nytjarnar, önnur starfsemi og búseta í eyinni hafa einnig sögulegt og menningarlegt gildi fyrir samfélagið. Ferðamenn skapa tekjur og svæðið skapar störf. Svæðið hefur jafnframt gildi fyrir íbúa Mýrdalshrepps og fleiri landsmenn sem mikilvægur hluti af ímynd svæðisins og raunar landsins alls sem náttúruperlu. Orðspor svæðisins og virðing fyrir staðnum er því mikilvægur þáttur og hefur Dyrhólaey tilfinningalegt gildi fyrir marga, bæði Íslendinga og útlendinga, sem hafa kynnst svæðinu.<sup>6</sup>

---

<sup>5</sup> VSÓ Ráðgjöf (2012)

<sup>6</sup> Umhverfisstofnun (2014)

### 2.1.2. Aðkomuleiðir

Gott aðgengi er að Dyrhólaey frá Þjóðvegi 1, Suðurlandsvegi. Austan við Pétursey er ekið niður Dyrhólaveg, veg nr. 218, hjá Litlahvammi í Mýrdal, um Vatnsskarðshóla að Dyrhólaey. Vegurinn greinist í eygni og liggur annarsvegar að Lágey og hins vegar upp á Háey. Vegkaflinn upp á Háey er malarvegur og merktur fyrir fjórhjóladrifsbíla. Vegur 218 flokkast sem tengivegur skv. vegaskrá Vegagerðarinnar.<sup>7</sup>

## 2.2. Náttúruminjar

Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 segir: „Náttúran felur í sér tækifæri til útivistar, fræðslu, rannsókna og ferðamennsku. Hún er því bæði verðmæt á eigin forsendum og á forsendum lýðheilsu, menningar og atvinnusköpunar“.<sup>8</sup>

### 2.2.1. Jarðminjar, gróður og vistgerðir

Dyrhólaey er talin hafa myndast á hlýskeyði á ísöld og er ein yngsta eldstöðin á gosrein sem gengur suður frá Mýrdalsjökli. Eyjan hefur af öllum líkindum myndast í eldgosi í hafi þar sem aðstæður hafa verið líkar þeim er Surtsey myndaðist. Dyrhólaey er í stöðugri mótun, einkum vegna ágangs sjávar, og hafa á síðustu áratugum orðið umtalsverðar útlitsbreytingar á henni sökum sjávarrofs. Syðsti oddi eyjunnar er Tóin, um 100 metra hár gatklettur, sem jafnframt er syðsti landfasti oddi Íslands. Dyrhólaey er allmikið gróin en ber þó merki uppblásturs á sumum svæðum. Gróðurfarið ber þess merki að eyjan liggur við opna brimströnd.<sup>9</sup>

Í friðlandinu eru bæði fjöruvistgerðir og landvistgerðir. Vistgerðir fjörunnar eru grashólavist og sjávarkletta- og eyjavist sem eru með hátt verndargildi og sandstrandarvist, hrúðukarlafjörur og líflitlar sandfjörur með lágt verndargildi. Þær eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar nema sandstrandarvist. Landvistgerðir með mjög hátt eða hátt verndargildi eru gulstararflóavist, starungsmýrarvist, víðikjarrvist og grasengjavist sem allar eru á lista Bernarsamningsins.<sup>10</sup>

Í [viðauka IV](#) er tafla yfir helstu vistgerðir sem finnast innan friðlandsins.

### 2.2.2. Dýralíf

Fuglalíf Dyrhólaeyjar er vel þekkt og hentar hún vel til fuglaskoðunar þar sem margar tegundir hafa fundist og tiltölulega auðvelt að fylgjast með háttum margra þeirra af stuttu færi. Nokkrar þeirra tegunda sem sést hafa í Dyrhólaey teljast sjaldgæfar á landsvísu, t.d. brandugla, skeiðönd, gulönd og haförn.<sup>11</sup> Friðlandið er hins vegar ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands og er ekki á alþjóðlegri skrá yfir slík svæði, IBA (e. Important Bird Areas).<sup>12</sup>

<sup>7</sup> <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>

<sup>8</sup> VSÓ Rágjöf (2012)

<sup>9</sup> Umhverfisstofnun (2014)

<sup>10</sup> <http://vistgerdakort.ni.is/>

<sup>11</sup> Umhverfisstofnun (2014)

<sup>12</sup> Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, 2017

Í úttekt á fuglalífi í Dyrhólaey sumarið 2012 voru sex tegundir sjófugla algengastar; æðarfugl, fýll, rita, kría, langvía og lundi.<sup>13</sup> Undanfarin ár hefur fuglalíf verið kannað til að afla upplýsinga til grundvallar ákvörðunar um takmörkun á aðgengi almennings að eygni um varptíma. Vorið 2020 sáust 17 tegundir fugla. Lítið sást af fuglum ofan á Háey og Lágey fyrir utan ritu í Tónni og fýll í klettum. Hundruðir af svartfugli sáust við dranga og langvía sat þétt á syllum. Silfurmáfar, svartbakar, sílamáfar, hvítmáfar, skúmar og hrafnar sáust á stangli auk tveggja bjargdúfa. Talsvert sást af fuglum í votlendi vestan við Lón, álfir, jaðrakannar, stelkar, hrossagaukar, tjaldar og stokkendur.<sup>14</sup> Vorið 2019 höfðu einnig sést steindeplar, heiðlóur, lóuprælar, gráhegri, teistur, lundar og æðarfugl en æðarfugli hefur fækkað í Dyrhólaey frá því sem áður var og er ástæða þess óþekkt.<sup>15</sup>

Sjávardýralífið við Dyrhólaey er fremur auðugt og hafa fundist þar fjölmargar tegundir, s.s. kræklingur, sandsíli, bleikja, sjóbirtingur, sandkoli o.fl., auk þess sem landselir og útselir hafa haldið til á svæðinu<sup>16</sup> en selalátur eru bæði vestan og austan við Dyrhólaey.<sup>17</sup> Hvalir sjást reglulega stutt frá landi. Refur sækir í friðlandið og geta áhrif hans á fuglastofna verið mjög mikil. Samkvæmt upplýsingum frá æðarbónda sem nýtir æðarvarpið hefur verið fylgst með dýrunum um árabíl, farið snemma á morgnana í maí og júní í eftirlitsferðir um svæðið og hafa dýr sem sjást verið felld.<sup>18</sup>

## 2.3. Menningarminjar

Dyrhólaey er sögulega og menningarlega óaðskiljanleg frá byggðinni í Dyrhólhverfi en íbúar þess hafa frá upphafi byggðar nytjað og verndað náttúruauðlindir eyjarinnar. Fjöldi örnefna, rústa, rétta, garða og annarra menja bera fyrri og síðari mannvistum þessum glögg vitni líkt og sjá má á korti í deiliskipulagi Dyrhólaeyjar<sup>19</sup>, sjá [viðauka III](#). Samkvæmt skrá um friðlýstar fornleifar eru engar slíkar innan friðlandsins.<sup>20</sup> Dyrhólaviti var byggður árið 1927 og var vitinn, ásamt nánasta umhverfi, friðaður árið 2003 skv. 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun nr. 104/2001.<sup>21</sup> Friðhelgað svæði út frá ystu mörkum friðaðra fornleifa er 15 metrar.

Fornleifaskráning var gerð á hluta Dyrhólaeyjar árið 2000 vegna vinnu við deiliskipulag en henni hefur ekki verið lokið. Alls fundust 14 staðir með rúmlega 20 fornleifum eða rústum og sýna þær minjar um sjósókn og fjárbúskap. Flestar eru þær frá tímabilinu 1550-1900. Fjórir staðanna teljast hafa hátt minjagildi, sex talsvert minjagildi og fjórir lítið. Þeir sem teljast hafa hátt minjagildi tengjast trúlega allir sjósókn en útræði hefur verið mikið frá og við Dyrhólaey fyrr á tíð. Sumir staðanna eru í hættu vegna landeyðingar.<sup>22</sup>

<sup>13</sup> Erpur Snær Hansen og Ingvar Atli Sigurðsson (2012)

<sup>14</sup> Erpur Snær Hansen (2020)

<sup>15</sup> Erpur Snær Hansen (2019)

<sup>16</sup> Umhverfisstofnun (2014)

<sup>17</sup> <http://selalatur.ni.is/>

<sup>18</sup> Eva Dögg Þorsteinsdóttir (munnleg heimild, 12.06.20)

<sup>19</sup> Landslag (2005)

<sup>20</sup> Fornleifanefnd (1990)

<sup>21</sup> <https://www.map.is/minjastofnun/#>

<sup>22</sup> Bjarni F. Einarsson (2000)

Samkvæmt [lögum um menningarminjar](#) nr. 80/2012 eru minjar sem náð hafa 100 ára aldri friðaðar sökum aldurs. Minjastofnun Íslands hefur umsjón með menningarminjum sbr. sömu lög.

## 2.4. Landnotkun

Svæðið hefur verið nýtt um aldir og ber staðurinn vitni um það og mannvirki í eygni enduróma sögu hennar. Ábúendur í Dyrhólahverfi hafa nýtt eyna til margra ára með eggjatöku og æðarrækt. Eyjan er mjög vinsæll áningarstaður ferðamanna.

### 2.4.1. Landbúnaður og hlunnindi

Þau hlunnindi sem hafa verið nýtt af landeigendum og eru nýtt af bændum í Dyrhólahverfi sem eiga nýttjar í Dyrhólaey eru reki, sauðfjárbætur hluta sumars og nýttjar á æðardúni og heilsujurtum. Auk framantaldra hlunninda teljast til hefðbundinna nýttja nýttjar á fýl og svartfugli. Gildi þessara nýttja bænda í Dyrhólaey er margþætt. Í þeim eru fólgin tækifæri til verðmætasköpunar sem bætir búsetuskilyrði fyrir ábúendur og nýttjar bænda eru hefðir sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi. Þá stuðlar verndun og uppbygging æðarvarpsins að verndun annars fuglalífs og gróðurs á svæðinu.<sup>23</sup> Í friðlýsingarskilmálum kemur fram að beit sé ekki leyfð fyrir 25. júní og óheimilt sé að halda þar stórgripum til beitar.

### 2.4.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Sökum sérstaks og fagurs landslags hefur Dyrhólaey verið vinsælt ljósmyndaefni um langa hríð og m.a. hafa myndir af henni birst í margvíslegu kynningarefni fyrir Ísland. Þá hafa kvikmyndagerðarmenn einnig nýtt eyna og umhverfi hennar til myndatöku.

### 2.4.3. Ferðapjónusta og útivist

Dyrhólaey hefur um langt skeið verið á meðal vinsælustu ferðamannastaða landsins. Aðal aðdráttarafl eyjunnar fyrir ferðamenn er fjölbreytt fuglalíf, jarðfræði, útsýni og landslag.

Árið 2013 var áætlað að tæplega 150 þúsund ferðamenn hafi komið í Dyrhólaey og var það 100% fjölgun á tíu árum. Talið var að í júlí og ágúst það ár hafi um 40 þúsund ferðamenn lagt þangað leið sína í hvorum mánuði.<sup>24</sup> Frá þeim tíma hefur fjöldi gesta aukist enn frekar líkt og nýrri talningar sýna en frá haustinu 2017 hefur verið fylgst með umferðinni og bílar taldir. Samkvæmt þeim talningum komu á milli 535 og 540 þúsund gestir í Dyrhólaey árið 2018 en þeim virðist hins vegar hafa fækkað framan af ári 2019 samanborið við sama tíma árinu áður. Árið 2020 varð mikil fækkun ferðamanna vegna Covid-19 faraldursins en áætlað er að um 120 þúsund gestir komi á því ári.


---

<sup>23</sup> Umhverfisstofnun (2014)

<sup>24</sup> Landslag (2014)

Tafla 1. Meðalfjöldi bifreiða á dag og meðalfjöldi gesta á dag í Dyrhólaey eftir árstíma.<sup>25</sup>

	2017	2018	2019	2020		2017	2018	2019	2020
Síðla vetrar		388	332	185	Síðla vetrar		1.164	997	556
Vetrarlok		500	429	33	Vetrarlok		1.499	1.286	100
Vor		711	659	114	Vor		2.132	1.977	342
<b>Háönn</b>		<b>903</b>	<b>850</b>	<b>412</b>	<b>Háönn</b>		<b>2.708</b>	<b>2.549</b>	<b>1.236</b>
Haust		894	795	217	Haust		2.681	2.385	650
Framan af vetri		551	457	32	Framan af vetri		1.653	1.370	97
Hávetur	170	202	169		Hávetur	510	607	508	

Tafla 2. Fjöldi gesta í Dyrhólaey frá haustinu 2017 til vors 2019.<sup>26</sup>

## 2.5. Helstu ógnir

Helsta ógnin við verndargildi Dyrhólaeyjar er óheft umferð og uppbygging við viðkvæm búsvæði og sérstakt landslag.

## 2.6. Innviðir og mannvirki

Samkvæmt friðlýsingarskilmálum er mannvirkjagerð og jarðrask í friðlandinu háð leyfi Umhverfisstofnunar.

<sup>25</sup> Rögnvaldur Ólafsson & Gyða Þórhallsdóttir (2020)

<sup>26</sup> Rögnvaldur Ólafsson & Gyða Þórhallsdóttir (2020)





Í gildi er deiliskipulag fyrir Lágey og Háey þar sem gert er ráð fyrir innviðum til að þjóna ferðamönnum sem koma á svæðið.<sup>27</sup>

### **2.6.1. Landvarsla**

Umhverfisstofnun sér um eftirlit á svæðinu og frá árinu 2018 hefur landvörður verið starfandi þar árið um kring. Landverðir sinna eftirliti, fræðslu og upplýsingagjöf og samskiptum við þá gesti og ferðþjónustuaðila sem nýta sér svæðið. Landverðir gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að öryggi ferðamanna og með fræðslu og forvörnum er hægt að stuðla að öryggi þeirra. Samkvæmt auglýsingu um friðlýsingu Dyrhólaeyjar er Umhverfisstofnun heimilt að takmarka umferð um eyjuna á tímabilinu frá 1. maí til 25. júní. Á undanförunum árum hefur tíðkast að loka eyjunni yfir nætur á varptíma. Landvarsla hefur sömuleiðis verið aukin á varptímanum og áhersla lögð á að tryggja að engin umferð sé utan afmarkaðra göngustíga um viðkvæm varplönd.

### **2.6.2. Samráðshópur**

Samráðshópur um málefni friðlandsins er starfandi og er hann skipaður sérfræðingi Umhverfisstofnunar, fulltrúa sveitarfélags og fulltrúa landeigenda. Hópurinn hefur að jafnaði fundað einu sinni til tvisvar á ári þar sem farið er yfir rekstur og málefni svæðisins.

### **2.6.3. Byggingar og vegir**

Inn á svæðið liggur akvegur frá Þjóðvegi nr. 1 sem greinist í tvennt þegar komið er inn í Dyrhólaey. Annars vegar liggur góður vegur að bílastæði á Lágey og hins vegar liggur

---

<sup>27</sup> Landslag (2014)



malarvegur að bílastæði á Háey, ætlaður fjórhjóladrifsbílum. Aðal aðkomusvæði Dyrhólaeyjar er á Lágey. Vegur upp á Háey er í slæmu ástandi og þarfnast lagfæringar. Bílar spóla á bröttum veginum og hann spillist.

Árið 2017 var salerni reist á Lágey og er það opið allt árið. Samhliða var nýtt bílastæði gert og það gamla lagt af. Á aðkomusvæðinu er gert ráð fyrir nestisaðstöðu, hjólastæðum og upplýsingaskiltum um náttúrufar, sögu og gönguleiðir.<sup>28</sup>

Á Lágey eru mannvirki sem tengjast áformum um hafnargerð sem var fyrirhuguð upp úr miðri síðustu öld. Skarð hefur verið sprengt niður í Kirkjufjöru og steypar uppfestur sitt hvoru megin við skarðið.

Á Háey er Dyrhólaviti, sem var friðaður árið 2003 (sjá [kafla 2.3](#)), auk útihúsa sem áður voru nýtt fyrir búfénað. Þau hús hafa verið gerð upp og hafa landverðir aðstöðu þar. Vatnstankur, rotþró og símamastur eru við húsið. Einnig er lítil verkfærageymsla í nágrenninu.

Samkvæmt friðlýsingarskilmálum skal friðlandið girt fjárheldri girðingu og hafa bændur í Dyrhólhverfi sinnt því. Eyjan er girt að norðan og vestan en ekki er talin þörf á girðingu annars staðar á eyjunni.

#### 2.6.4. Göngu-, reið- og hjólaleiðir

Nokkrar afmarkaðar gönguleiðir eru á svæðinu. Á Lágey eru gönguleiðir út á Brestnef og að útsýnisstað á leiðis að Skorpunefi. Búið er að loka aðgengi að Kirkjufjöru þar sem fólki stafar mikil hættu af brimöldunni. Milli Lágeyjar og Háeyjar, ofan Kirkjufjöru, liggur gönguleið meðfram bjarginu að bílastæði á Háey og áfram að útsýnisstað rétt sunnan Skollastígs. Einnig er gönguleið upp að vitanum.

Skipulagðar reið- og hjólaleiðir eru ekki um friðlandið. Umferð með hesta er heimil en lausaganga er ekki leyfð. Hjólreiðamenn nýta vegi friðlandsins.

#### 2.6.5. Skilti

Í friðlandinu eru tvö upplýsingaskilti og eitt fræðsluskilti um fugla. Skiltin eru komin til ára sinna og farin að láta á sjá. Unnið er að endurnýjun og uppsetningu nýrra skilta í friðlandinu.

#### 2.6.6. Úrgangur

Ekki er móttaka fyrir úrgang innan friðlandsins.

### 2.7. Rannsóknir og vöktun

Náttúrufarsrannsóknir hafa verið gerðar í Dyrhólaey auk þess sem fornleifar hafa verið skráðar að hluta.

Frá árinu 2017 hafa fimm tegundir bjargfugla, fýll, rita, langvía, stuttnefja og álka, verið vaktaðar á völdum stöðum á landinu. Dyrhólaey er ekki einn þeirra staða en niðurstöður frá

---

<sup>28</sup> Landslag (2014)

öðrum stöðum, einkum á Suðurlandi, eru samt sem áður áhugaverðar fyrir lífríki Dyrhólaeyjar. Frá 2017 til 2019 hefur almennt orðið fækkun hjá fýl og ritu, fjölgun hjá álku en langvía og stuttnefja hafa staðið í stað ef horft er aftur til ársins 2009.<sup>29</sup>

Í tengslum við ákvarðanir um takmörkun á aðgengi almennings að Dyrhólaey undanfarin vor hefur fuglafræðingur gert úttekt á fuglalífi eyjarinnar.<sup>30</sup>

Skýrsla um fuglalíf Dyrhólaeyjar 2020 kom út í nóvember sama ár. Þar er fjallað um sex algengustu varpfugla Dyrhólaeyjar sem voru taldir sumarið 2020. Tegundirnar eru fýll, æðarfugl, lundi, langvía, rita og kría og voru niðurstöðurnar bornar saman við fyrri talningar. Öllum tegundum hefur fækkað töluvert. Fækkun allra tegundanna utan æðarfugls er talin tengjast samdrætti í sandsílastofninum en fækkun æðarfugls er almennt samstíga breytingum á landsvísu en ástæður eru óþekktar. Eftir aldamót varð mikil fækkun í öllum stóru kríuvörpunum hérlandis af náttúrulegum sökum en auk þess hefur henni fækkað af manna völdum með eggjatöku og byggingarframkvæmdum.<sup>31</sup>

Um rannsóknir á menningarminjum er fjallað í kafla [2.3](#). Leita skal leyfis Minjastofnunar Íslands og hafa samráð við minjavörð Suðurlands ef rannsóknir eða framkvæmdir fela í sér jarðrask.

## 2.8. Öryggismál

Helstu hættur sem steðja að gestum í friðlandinu eru hrun- og hraphættur, ásamt hvössum vindum. Brimaldan er varhugaverð ef farið er út fyrir girðingar. Öryggishandbók friðlýstra svæða hefur ekki verið staðfærð fyrir friðlandið.

## 2.9. Fræðsla og kynning

Þar sem mikill fjöldi ferðamanna heimsækir eyna á ári hverju er hún tilvalin til þess að koma upplýsingum og fræðslu um sögu og náttúru svæðisins á framfæri. Dyrhólaey er einnig hluti af Kötlu Jarðvangi sem styður enn frekar gildi svæðisins og nágrennis til fræðslu og rannsókna. Landverðir hafa boðið upp á tilfallandi fræðslugöngur.

## 2.10. Mönnuð og fjarstýrð loftför

Nokkuð er um að þyrlur og litlar flugvélar fljúgi yfir friðlandið en það er í samræmi við gildandi lög og reglur. Flug fjarstýrðra loftfara (flygilda) er nýlega tilkomið og getur það truflað bæði dýr og menn.

---

<sup>29</sup> Yann Kolbeinsson o.fl. (2019)

<sup>30</sup> Erpur Snær Hansen (2020)

<sup>31</sup> Erpur Snær Hansen (2020)



## 3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda ásýnd Dyrhólaeyjar og viðhalda verndargildi svæðisins og lífríkis þess. Einnig er markmiðið að tryggja jákvæða upplifun gesta með því að viðhalda náttúrufarslegum gæðum svæðisins og byggja upp trausta innviði til að tryggja sem best öryggi gesta. Fjöldi fólks heimsækir Dyrhólaey árið um kring. Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum. Aðgerðirnar eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáið hverju sinni.

### 3.1. Ástandsmat

Ástandsmat verður unnið árlega fyrir friðlandið. Ástandsmatið snýr að eftirliti og úttekt á skipulagi í friðlandinu, ástandi innviða og álagi á náttúru þess. Í matinu eru jafnframt skilgreindar leiðir til úrbóta þar sem þess er þörf.

Aðgerðir:

- ✓ Ástandsmat verði unnið fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir.

### 3.2. Stjórnslá

Auglýsing um friðlýsingu Dyrhólaeyjar er frá árinu 1978 og því orðin nokkuð gömul. Þörf er á því að endurskoða friðlýsinguna í heild sinni með það að markmiði að draga fram verndargildi svæðisins, skýra tilgang og markmið friðlýsingar, reglur sem gilda innan svæðisins og mörk þess.

Aðgerðir:

- ✓ Auglýsing um friðlýsingu Dyrhólaeyjar verði endurskoðuð.

### 3.3. Svæðisskipting

Friðlandið í Dyrhólaey skiptist í tvö megin svæði, Háey og Lágey. Mikilvægt er að stýra umferð um staðinn til að reyna að koma í veg fyrir að örtröð myndist og að upplifun gesta og verndargildi svæðisins rýrni.

Gert er ráð fyrir mismunandi uppbyggingu og þjónustu á svæðunum sbr. töflu 3 og viðauka III.

**Svæði 1, Lágey.** Á Lágey er aðal áningarstaður friðlandsins. Þar er aðgengi fyrir alla, salerni, upplýsingaskilti og göngustígar.

**Svæði 2, Háey.** Á Háey eru innviðir lágstemmdir og þörf á aðgæslu mikil.

Tafla 3. Stefna varðandi umgengni, innviði og nytjar.

	Lágey	Háey
Gestir haldi sig á merktum gönguleiðum og áningarstöðum svo sem kostur er.	X	X
Skilgreindir útsýnisstaðir með aðgengi fyrir alla.	X	
Bílastæði fyrir rútur.	X	
Salernisaðstaða.	X	

### 3.4. Náttúruminjar

Mikilvægt er að vernda jarðminjar og vistkerfi sem finnast í Dyrhólaey til að viðhalda jarðfræðilegri og líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu. Öll landnotkun skal vera með þeim hætti að hún raski ekki jarðminjum, gróðri eða dýralífi. Gæta skal þess að framkvæmdir rýri ekki ásýnd svæðisins og landslags.

#### 3.4.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf

Vernda skal ásýnd svæðisins, jarðmyndanir, lífríki og gróðurfar. Stefnt skal að því að aflagðir stígar og rofabörð verði grædd upp. Nota skal staðargróður við uppgræðslu. Komið verði í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu af völdum ágangs með stýringu umferðar s.s. viðhaldi göngustíga og merkingum. Ef bregðast þarf við jarðvegsrofi verður það gert í samræmi við ákvæði auglýsingar um friðlandið Dyrhólaey. Umhverfisstofnun vinni að því að eyða og halda í skefjum ágengum, framandi tegundum, aðallega lúpínu og skógarkerfli, með slætti og öðrum aðgerðum.

Standa skal vörð um fuglalíf Dyrhólaeyjar. Stefnt skal að því að halda mink og ref í skefjum til verndar fuglalífi og varpi og vöktun er nauðsynleg með æðarvarpinu. Umferð manna,

sérstaklega að næturlagi, hefur fælandi áhrif á landrándýr.<sup>32</sup> Þeir sem nýtt hafa æðarvarpið í Dyrhólaey hafa haldið ref í skefjum, sbr. kafla 2.2.2. Umhverfisstofnun stefnir að því að skoðað verði hvernig best sé að haga veiðum á afræningjum í samstarfi við landeigendur, bændur og sveitarfélagið og hvort vænlegt sé til árangurs að setja minkahelda girðingu umhverfis lundavarpið á Lágey. Sjá einnig [kafla 3.6.1](#).

Í [kafla 2.7](#) er fjallað um niðurstöður rannsókna Náttúrustofu Suðurlands árið 2020 þar sem kemur m.a. fram að kríu hafi fækkað vegna íhlutunar manna. Þar er lagt til að gerð verði tilraun til þess að laða kríu að á ný með „félagslegri aðlögun“ sem felst í uppsetningu gervikría og spilun kallhljóða þeirra en aðgerðin hefur reynst vel víða erlendis. Metnir verði möguleikar á endurheimtingu kríuvarps og að færa kríuvarpið innan Lágeyjar nær æðarvarpinu í þeim tilgangi að ljá því vernd kríunnar.<sup>33</sup>

Gæludýr skulu vera í taumi og höfð undir tryggri stjórn þannig að þau truflí síður dýralíf og gesti sbr. reglu [númer 6](#) í kafla 4.

Samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er óheimilt að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg.<sup>34</sup>

Aðgerðir:

- ✓ Fylgst verði með ágengum, framandi tegundum og þær fjarlægðar eftir því sem unnt er.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir viðræðum við landeigendur, nytjaréttihafa, sveitarfélagið og fuglafræðing um hvernig best sé að haga veiðum á afræningjum.

### 3.5. Menningarminjar

Menningarminjar svæðisins eru nátengdar náttúruverðmætum þess og má benda á að þekking á sögunni eykur fræðslugildi og verndargildi svæðisins. Menningarminjar ber að varðveita og stuðla að fræðslu um þær með merkingum og upplýsingum. Sjá einnig kafla [3.8.5](#), skilti. Stefnt er að því að endurskoða deiliskipulag Dyrhólaeyjar og skráningu minja í tengslum við það í náinni framtíð. Minjastofnun Íslands annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.

### 3.6. Landnotkun

Öll landnotkun innan friðlandsins skal vera í samræmi við friðlýsingarskilmála, aðalskipulag, deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi. Sérfræðingur skal sjá til þess að ástandsmat fyrir svæðið verði gert árlega. Framkvæmdir innan friðlandsins eru háðar samþykki Umhverfisstofnunar sbr. auglýsingu um friðlandið, [viðauki 1](#), auk framkvæmdaleyfis sveitarfélagsins.

<sup>32</sup> Erpur Snær Hansen (2019)

<sup>33</sup> Erpur Snær Hansen (2020)

<sup>34</sup> Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr.64/1994

### 3.6.1. Landbúnaður og veiðar

Hefðbundnar nýttjar landeigenda og bænda haldast svo sem verið hefur og kveðið er á um í friðlýsingarskilmálum. Nýting auðlinda skal vera sjálfbær þannig að verndargildi friðlandsins rýrni ekki. Ef tilefni er til mun Umhverfisstofnun leita eftir samstarfi við sveitarfélagið Mýrdalshrepp og bændur við að halda ref í skefjum innan friðlandsins, sbr. kafla [3.4.1](#). Þar sem minkur er framandi ágeng tegund er stefnt að því að útrýma mink innan friðlandsins. Notkun skotvopna er hins vegar bönnuð skv. friðlýsingarskilmálum og kemur það í veg fyrir að hægt sé að vinna ref innan friðlandsins. Stefnt er að því að endurskoða friðlýsingarskilmálana og þarf þar að breyta ákvæði um veiðar, sé það ætlunin. Hugsanleg undanþága fyrir notkun skotvopna þyrfti einnig að ná til minkaveiða. Hægt er að óska eftir undanþágum frá friðlýsingarskilmálum sbr. reglugerð.

Aðgerðir:

- ✓ Breyting verði gerð við endurskoðun friðlýsingar varðandi veiðar innan friðlandsins þannig að heimilt verði að nota skotvopn við veiðar á ref og mink.

### 3.6.2. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir

Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem skipulagðir eru innan verndarsvæðisins skulu ekki raska gróðri, dýralífi eða upplifun fólks og vera í samræmi við þær reglur sem gilda innan svæðisins. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds, reglu númer 3 í kafla 4. Vegna notkunar fjarstýrðra loftfara við kvikmyndatöku er bent á kafla 3.10.

### 3.6.3. Ferðaþjónusta og útivist

Dyrhólaey hefur verið vinsæll áfangastaður ferðamanna um árabíl, jafnt sumar sem vetur. Gæta þarf að þolmörkum svæðisins og að álag vegna ferðaþjónustu rýri ekki verndargildi svæðisins. Starfsmenn fylgjast með þolmörkum og áhrifum gesta á svæðið með gerð ástandsmats sbr. kafla 3.1. Ekki er gert ráð fyrir að takmarka fjölda gesta með beinni stýringu en framboð á bílastæðum stýrir umferðinni að nokkru leyti.

Ekki er leyfilegt að tjalda í friðlandinu eða hafa þar næturdvöl sbr. reglu nr. 1 í kafla 4. Gæludýr skulu vera í taumi og höfð undir tryggri stjórn þannig að þau trufla síður dýralíf og gesti sbr. reglu númer 6 í kafla 4.

Stuðla skal að ábyrgri markaðssetningu fyrir svæðið og hvetja til ábyrgrar ferðahegðunar með tilliti til öryggis gesta og verndunar svæðisins með upplýsingum og auglýsingum. Stefnt er að því að bæta aðgengi ferðamanna að völdum stöðum og byggja þá upp þannig að þeir veki enn frekari áhuga ferðamanna á umhverfinu og bæti jafnframt öryggi þeirra, sbr. kafla 3.8.2. Umhverfisstofnun stefnir að því að láta vinna þolmarkagreiningu fyrir friðlandið og innviði þess.

## 3.7. Helstu ógnir

Helsta ógn Dyrhólaeyjar er óvarleg umferð manna, gangandi, akandi, siglandi og fljúgandi. Hún getur truflað fuglalífið og valdið tjóni á gróðri og landi. Nauðsynlegt er að stýra umferð



um svæðið með það í huga að vernda lífríkið líkt og gert hefur verið síðustu ár sbr. [kafla 2.2.2.](#) og stefnt er að því að viðhalda og bæta innviði sbr. [kafla 3.8.](#) Samkvæmt lögum er óheimilt að vera með hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg sbr. [kafla 3.4.1.](#) Landrándýr geta eytt lundavarpí.

### 3.8. Innviðir og mannvirki

Innviðum og mannvirkjum á svæðinu skal vel við haldið og þau skulu hæfa þeirri starfsemi sem þar fer fram. Innviðir skulu miða að því að vernda svæðið og bæta aðgengi ferðamanna. Uppbygging innviða skal gera ráð fyrir aðgengi allra að ákveðnum svæðum í samræmi við deiliskipulag. Nota skal flokkunarviðmið í [Handbók um merkingar á friðlýstum svæðum](#) varðandi aðgengi fyrir alla. Samræmi skal vera í útliti og hönnun mannvirkja á svæðinu og að þau falli vel að umhverfinu. Sinna skal viðhaldi á innviðum þegar þess er þörf.

Góðir og vel hannaðir innviðir eru til þess fallnir að hlífa landinu. Framtíðaruppbygging skal vera í samræmi við deiliskipulag, stjórnunar- og verndaráætlun, stefnu friðlandsins og verndargildi þess. Viðhald á þeim húsbyggingum sem eru á svæðinu skal vera gott og til sóma fyrir friðlandið. Bændur hafa farið á hverju ári með girðinum um friðlandið og lagfært þær og gera þeir ráð fyrir að svo verði áfram<sup>35</sup>.

Deiliskipulag fyrir Dyrhólaey var unnið 2005 en gerðar voru breytingar á því fyrir Lágey 2014. Vegna breyttra forsenda er stefnt að því að endurskoða deiliskipulagið fyrir Dyrhólaey.

Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir tveimur útsýnisstöðum á Lágey og þremur á Háey. Frágangi við bílastæði á Lágey mun ljúka árið 2021. Gert er ráð fyrir að rútur leggi á því bílastæði. Vegagerðin hefur heimild til að sinna þjónustu og viðhaldi vegna innviða á hennar vegum án sérstaks samráðs við Umhverfisstofnun svo fremi sem það hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins. Leita skal leyfis Vegagerðarinnar vegna framkvæmda innan veghelgunarsvæða.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir fjármagni til að láta vinna nýtt deiliskipulag fyrir Dyrhólaey.
- ✓ Fylgst verði með ástandi innviða og gerðar ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Húsbyggingar verði yfirfarnar árlega og lagfærðar eftir þörfum.

#### 3.8.1. Landvarsla

Gert er ráð fyrir heilsárslandvörslu í Dyrhólaey og er aðsetur landvarða í húsnaði á Háey. Í húsi landvarða í Dyrhólaey skal öryggis- og neyðarbúnaður vera til staðar.

---

<sup>35</sup> Eva Dögg Þorsteinsdóttir (tölvupóstur, 21.06.20)

### 3.8.2. Aðgengi og takmarkanir á umferð

Aðgengi á svæðinu skal vera til fyrirmyndar en ávallt skal horft til verndarsjónarmiða. Grípa getur þurft til tímabundinna takmarkana og lokana á umferð um hluta svæðisins til að draga úr hættu á jarðvegsrofi og truflun á varpi, sbr. [reglu númer 7](#) í kafla 4

Í samráði við Náttúrustofu Suðurlands hefur eyjan verið lokuð almennri umferð frá 1. maí til 25. júní frá kl. 19:00 til 09:00 dag hvern til að tryggja næturró í eyinni meðan varptími er í gangi. Hins vegar hefur almenn umferð verið heimil á milli kl. 09:00 og 19:00 á sama tímabili en þá aðeins á vegum og merktum gönguleiðum. Stefnt er að því að Umhverfisstofnun leiti áfram samráðs við fagstofnanir varðandi lokunartíma og gefi út leiðbeiningar varðandi hann. Undanþegnir takmörkunum á umferð eru starfsmenn Vegagerðarinnar vegna umsjónar með Dyrhólavita, umsjónarmenn friðlandsins, nytjaréttahafar, landeigendur og þær rannsóknastofnanir sem hafa lögbundnu hlutverki að gegna.

Í kjölfar Covid-19 faraldursins og minni umferðar bárust ábendingar frá nytjaréttahafa um betri varpárangur hjá æðarfugli. Umhverfisstofnun mun óska eftir áliti og ráðgjöf frá Náttúrustofu Suðurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands við að leggja mat á varpárangur.

Stefnt er að því að hluti göngustíga á Lágey verði hannaður þannig að þar sé aðgengi fyrir alla og er það verk hafið. Stefnt að því að ganga frá tengingu stíga við bílastæði.

Stefnt er að því að kanna hvort fýsilegt sé að setja upp fasta útsýnissjónauka í Dyrhólaey en slíkt myndi auðvelda gestum að skoða fugla og auka þannig aðgengi þeirra og upplifun, án þess að trufla fuglalífið. Einnig er stefnt að því að kanna ávinning þess að reisa fuglaskoðunarskýli á Lágey með það að markmiði að gefa ferðamönnum færi á að skoða og mynda lundann og aðra fugla á stuttu færi, en hlífa fuglalífina um leið við ágangi manna. Kríu hefur fækkað mikið og verður hún fyrir mikilli truflun af umferð. Stefnt er að því að mat verði lagt á hvernig beina megum umferð ferðamanna frá varpstöðum æðarfugls, kríu og lunda sbr. minnisblað fuglafræðings.<sup>36</sup>

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun leiti álits fagstofnana varðandi lokunartíma Dyrhólaeyjar og gefi út leiðbeiningar í samræmi við niðurstöður þess.
- ✓ Umhverfisstofnun mun óska eftir áliti og ráðgjöf frá Náttúrustofu Suðurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands við að leggja mat á varpárangur.
- ✓ Umhverfisstofnun láti gera útsýnisstaði á Lágey í samræmi við deiliskipulag.
- ✓ Kannaðir verði möguleikar á uppsetningu útsýnissjónauka og fuglaskoðunarskýlis í friðlandinu.

### 3.8.3. Vegir og bílastæði

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á vegi sem liggur að friðlandinu. Meginmóttökusvæði friðlandsins verður á Lágey og verður lokið við frágang á bílastæði þar árið 2021. Á Lágey

---

<sup>36</sup> Erpur Snær Hansen (2019)

hafa innviðir verið byggðir upp, bæði bílastæði og salerni, og þangað verður megin umferðinni beint með merkingum og upplýsingagjöf. Ekki er gert ráð fyrir aukinni umferð bíla á Háey og með því móti komið í veg fyrir frekara rask á náttúruminum þar. Deiliskipulag vegna aðkomu á Háey er í vinnslu og verður það tilbúið árið 2021.

Vegagerðin áformar að leggja bundið slitlag á veginn upp á Háey. Kostir þeirrar framkvæmdar eru að vegurinn verður stöðugri og viðhald minnkar. Vegurinn er einkum ætlaður minni bílum og þjónustubílum en gert er ráð fyrir að meginþungi umferðar, fólksflutningabílar og stórir bílar, nýti aðstöðu á Lágey. Umferð verður stýrt með upplýsingaskiltum og þungatakmörkunum.

Við afleggjarann á Háey er hlið og er gert ráð fyrir að hægt verði að nota það áfram til að loka veginum t.d. vegna ófærðar eða háلكu.

Þétt við veginn sem liggur upp á Háey er lítil tjörn þar sem ýmsar tegundir fugla halda sig eða hafa viðkomu en umferð manna truflar fuglalífið. Til að vernda lífríkið er stefnt að því að samhliða vegbótum verði útskot við tjörnina fjarlæggt og bílum þannig gert erfiðara fyrir að stöðva við hana.

Aðgerðir:

- ✓ Lokið verði við frágang bílastæðis og umhverfis við snyrtihús á Lágey.
- ✓ Lokið verði við deiliskipulag aðkomusvæðis á Háey.
- ✓ Umhverfisstofnun ræði við Vegagerðina vegna lagningar slitlags á veginn upp á Háey. Óskað verði eftir að þungatakmörkanir verði settar á veginn.

### 3.8.4. Göngu-, reið- og hjólaleiðir

Gönguleiðir í Dyrhólaey skulu vera í samræmi við friðlýsingaskilmála, gildandi deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Göngustígar skulu vera vel merktir, öruggir og með besta fánlega undirlagi þannig að gestir svæðisins fylgi þeim en gangi ekki utan þeirra. Villustígar verði afmáðir og samráð haft við Minjastofnun Íslands um hvaða stígar flokkist sem villustígar. Gestir skulu fylgja gönguleiðum og virða lokanir og merkingar sem þar kunna að vera. Merkingar vegna öryggissjónarmiða og vegna gróðurverndar skulu vera skýrar þar sem ekki er gert ráð fyrir umferð gangandi fólks. Til verndar lífríki er óheimilt að vera á reiðhjólum utan vegslóða sbr. [reglu númer 5](#) í kafla 4. Einnig er óheimilt að fara á hrossum utan vegar, [reglu númer 4](#) í kafla 4 og lausaganga hrossa er bönnuð skv. friðlýsingaskilmálum.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun heldur við og setur upp merkingar vegna gróðurverndar og öryggissjónarmiða eftir þörfum.
- ✓ Göngustígum sé vel við haldið og ummerkjum um aflagða stíga eytt. Umhverfisstofnun sjái um framkvæmd þess og fylgist með árangri verksins með myndatöku og skýrslugerð.

### 3.8.5. Skilti

Stefnt skal að því að gera gestum ljóst að þeir eru staddir á friðlýstu svæði og að þar gildi ákveðnar umgengnisreglur. Skilti og merkingar verði í samræmi við *Handbók um merkingar á friðlýstum svæðum* þannig að ásýnd staðarins verði heildræn og rýri ekki upplifun gesta.

Innan verndarsvæðisins skulu vera fræðsluskilti sem upplýsi um náttúrufar og menningarminjar svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda. Skiltin verði unnin í samvinnu við viðeigandi fagstofnanir. Tilgangur þeirra er jafnframt að bæta öryggi gesta og upplýsa um góða og örugga ferðahegðun. Skilti eru upplýsandi og fræðandi en gæta þarf hófs í fjölda þeirra og vanda staðsetningu þeirra. Tvö upplýsinga- og fræðsluskilti voru sett upp sumarið 2020 og fræðsluskilti um fugla eru í vinnslu. Stefnt er að því að Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur og aðra sem málið varðar, geri lista yfir skilti sem æskilegt er að sett verði upp og áætlun um vinnslu þeirra og uppsetningu.

Aðgerðir:

- ✓ Sett verði upp upplýsinga- og fræðsluskilti um friðlandið og umgengnisreglur.
- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur og aðra sem málið varðar, geri lista yfir skilti sem æskilegt er að sett verði upp og áætlun um vinnslu þeirra og uppsetningu.

### 3.8.6. Úrgangur

Stuðla skal að góðri umgengni gesta með vitundarvakningu um ábyrga ferðamennsku. Sorptunnur verða ekki settar upp útvið innan marka friðlandsins en ætlast til að gestir svæðisins taki með sér úrgang og losi sig við hann á viðeigandi stað.

Talsvert berst af rusli á tiltekin svæði í fjörur innan og við mörk friðlandsins. Stefnt er að því að Umhverfisstofnun skipuleggi eftir þörfum hreinsun strandarinnar og valinna svæða í nágrenni friðlandsins.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun skipuleggi eftir þörfum hreinsun strandarinnar í næsta nágrenni friðlandsins.

## 3.9. Öryggismál

Öryggi gesta og starfsmanna skal tryggt sem best í Dyrhólaey. Umhverfisstofnun skal stuðla að slysaforvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum samhliða framkvæmdum við göngustíga og útsýnisstaði á svæðinu. Gestir svæðisins skulu upplýstir um hættur á svæðinu, sérstaklega yfir vetrartímam, með tilsögn frá landverði og skiltum þar að lútandi. Upplýsingum varðandi óhöpp og slys skal safnað saman og þær greindar og metið hvort og hvernig hægt er að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Starfsmenn Umhverfisstofnunar skulu vera vel að sér í skyndihjálpar og vera ávallt með fyrstuhjálpar búnað til taks.

Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar verði höfð til hliðsjónar við öryggismál í Dyrhólaey. Leggja skal áherslu á að gestir svæðisins virði merkingar, fylgi göngustígum og finni fyrir öryggi.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Dyrhólaey.
- ✓ Tryggt skal að öryggisáætlun fyrir Dyrhólaey sé ávallt uppfærð samkvæmt nýjustu upplýsingum.
- ✓ Öryggi ferðamanna verði sérstaklega vaktað í ljósi hrun- og fallhættu. Landvörður mun vakta stíga og mannvirki reglulega m.t.t. öryggismála og gera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni.

### 3.10. Fræðsla og kynning

Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru- og menningarminjar friðlandsins skulu vera aðgengilegar almenningi ásamt þeim umgengnisreglum sem gilda á svæðinu. Leitað verði eftir upplýsingum og samvinnu við viðeigandi fagaðila og upplýsingar settar fram á skýran og auðskilinn hátt. Þannig er stuðlað að því að fólk læri að meta, skilja og tengjast náttúru- og menningarminjum svæðisins sem verið er að vernda og þannig stuðla að góðri umgengni.

Stefnt skal að því að nýta þá tækni sem í boði er hverju sinni til að koma upplýsingum og fræðslu á framfæri svo sem með rafrænum lausnum eða öðru sem kann að henta. Sérfræðingur og landverðir verði reiðubúnir að veita fræðslu til samfélagsins um náttúru og náttúruvernd eftir því sem við verður komið. Í gildandi deiliskipulagi var gert ráð fyrir gestastofu á Háey í útihúsi. Það hús hefur fengið annað hlutverk og hafa landverðir svæðisins þar aðstöðu.

Aðgerðir:

- ✓ Heimasíða um svæðið verði lagfærð á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Upplýsingar um Dyrhólaey á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar eftir þörfum.

### 3.11. Mönnuð og fjarstýrð loftför

Flugumferð er háð takmörkunum sem fram koma í Flugmálahandbók. Til verndar lífríki friðlandsins er óheimilt að lenda þyrlum og öðrum mönnuðum loftförum innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [reglu númer 2](#) í kafla 4.

Dyrhólaey er fjölsóttur ferðamannastaður og fuglavarp er í eygni og sjávarhömrum. Til að valda sem minnstri truflun og til verndar lífríkinu er jafnframt óheimilt að nota fjarstýrð loftför innan friðlandsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [reglu númer 2](#) í kafla 4. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012 og þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum. Leyfishafar skulu ávallt leita sér upplýsinga um gildandi [reglur](#) um starfrækslu fjarstýrðra loftfara og leita leyfis Samgöngustofu í samræmi við þær reglur.

Aðgerðir:

- ✓ Reglur um notkun fjarstýrðra loftfara, s.s. flygilda, verði aðgengilegar í friðlandinu.

### 3.12. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun í samstarfi við Umhverfisstofnun mun á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hófst árið 2017 og er ekki lokið. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Dyrhólaey en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

Verkefnið *Vöktun náttúruverndarsvæða* var sett á laggirnar af frumkvæði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins árið 2019 og er Umhverfisstofnun ein þeirra stofnana sem tekur þátt í því. Meginmarkmið verkefnisins er að setja á laggirnar heildstæða vöktunaráætlun á landsvísu til vöktunar náttúruminja á náttúruverndarsvæðum og öðrum svæðum sem eru undir álagi vegna ágangs ferðamanna. Áhersla verður lögð á að vakta áhrif mannsins á vistgerðir og plöntur, fugla, spendýr og jarðminjar. Fyrstu verkefni fóru af stað árið 2020 en ekki var unnið í Dyrhólaey að þessu sinni. Umhverfisstofnun telur að sérstaklega þurfi að rannsaka áhrif umferðar á varp fugla í Dyrhólaey og mun óska eftir því að slíkar rannsóknir verði hluti af vöktunaráætlun náttúruverndarsvæða. Náttúrustofa Suðurlands hefur stundað vöktun á bjargfugli í Dyrhólaey og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Björgin eru heimsótt tvisvar í júní og einu sinni í lok júlí.<sup>37</sup>

Umhverfisstofnun mun óska eftir því við þá aðila sem stunda rannsóknir á verndarsvæðinu að niðurstöður þeirra verði sendar til stofnunarinnar sem er heimilt að birta þær á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.

Aðgerðir:

- ✓ Niðurstöður rannsókna verði aðgengilegar á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Verndarsvæðið verði vaktað í samræmi við vöktunaráætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- ✓ Umhverfisstofnun mun óska eftir því að rannsókn vegna ágangs ferðamanna í Dyrhólaey verði hluti af vöktunaráætlun náttúruverndarsvæða.

<sup>37</sup> Erpur Snær Hansen (tölvupóstur 29.06.20)



## 4. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í friðlandinu Dyrhólaey sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Ekki er heimilt að hafa næturdvöl innan hins friðlýsta svæðis sbr. [kafla 3.6.3.](#)
2. Ekki er leyfilegt að lenda þylum og flugvélum innan friðlandsins og notkun fjarstýrðra loftfara s.s. flygilda er einnig bönnuð, nema með leyfi frá Umhverfisstofnun, sbr. [kafla 3.11.](#) Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012, og þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.
3. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds, sbr. [kafla 3.6.2.](#) Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt.
4. Óheimilt er að fara á hrossum utan vega sbr. [kafla 3.8.4.](#)
5. Hjólreiðar eru einungis heimilar á vegum, sbr. [kafla 3.8.4.](#)
6. Gæludýr skulu vera í taumi og höfð undir tryggri stjórn þannig að þau truflí síður dýralíf og gesti sbr. [kafla 3.6.3](#) og [kafla 3.4.1.](#)
7. Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð tímabundið á viðkvæmum svæðum þar sem hættu er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum eða vegna truflunar á fuglalífi sbr. [kafla 3.8.2.](#)

# Heimildir

Aagot V. Óskarsdóttir (ritstj. (2011). *Náttúruvernd - Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands*. Reykjavík: Umhverfissráðuneytið.

Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða. Skýrsla Umhverfisstofnunar 2018.  
<https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/>

Bjarni F. Einarsson. (2000). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Dyrhólaey í Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu*. Fornleifafræðistofan.

Erpur Snær Hansen. (2019). *Fuglalíf í Dyrhólaey sumardaginn fyrsta 25. apríl 2019. Tillaga að opnunartíma árið 2019*. Minnisblað. Náttúrustofa Suðurlands.

Erpur Snær Hansen. (2020). *Fuglalíf í Dyrhólaey 16. apríl 2020. Tillaga að opnunartíma árið 2020*. Minnisblað. Náttúrustofa Suðurlands.

Erpur Snær Hansen. (2020). *Fuglalíf Dyrhólaeyjar 2020*. Náttúrustofa Suðurlands.

Erpur Snær Hansen og Ingvar Atli Sigurðsson. (2012). *Úttekt á fuglalífi í Dyrhólaey 2012*. Náttúrustofa Suðurlands.

Fornleifanefnd. (1990). *Skrá um friðlýstar fornleifar, fyrsta útgáfa 1990*. Sótt 13. febrúar 2020 af: <http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf>

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Bogný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage. (2016). *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. 295 s.

Landslag. (2005). *Dyrhólaey í Mýrdalshreppi, deiliskipulag, greinargerð*. Sótt 13. febrúar 2020 af <https://www.vik.is/Stjornsysla/09-Skipulags-byggingarmal/Deiliskipulag/Dyrholaey/Deiliskipulag%2030-10-2005.pdf>

Landslag. (2014). *Mýrdalshreppur Dyrhólaey Deiliskipulagsbreyting*. Umhverfisstofnun.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Sótt af: [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)

Minjavefsjá. Sótt 13. febrúar 2020 af <https://www.map.is/minjastofnun/#>

Náttúrufræðistofnun Íslands. (2018). *Válisti fugla 2018*. Sótt af: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

Rögvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir. (2020). Óbirt gögn.

Stjórnartíðindi B, nr. 101/1978. Auglýsing um friðlýsingu Dyrhólaeyjar, Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Umhverfisstofnun. (2014). Dyrhólaey. Verndar- og stjórnunaráætlun 2014-2023.

VSÓ Ráðgjöf. (2012). Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012 – 2028. Sótt 19. febrúar 2020 Af <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=05635060411983371108>

VSÓ Ráðgjöf – umhverfisskýrsla. (2012). Sótt 19. febrúar 2020 af <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=06635061217776326458>

Yann Kolbeinsson, Þorkell Lindberg Þórarinsson, Cristian Gallo, Erpur Snær Hansen, Jón Einar Jónsson, Róbert Arnar Stefánsson, Sindri Gíslason og Arnþór Garðarsson. (2019). *Vöktun bjargfuglastofna á Íslandi 2017-2019*. NNA-1906. Náttúrustofa Norðausturlands. Húsavík. Sótt af vef 24. febrúar 2020.

<https://www.ust.is/library/sida/Veidi/V%C3%B6ktun%20bjargfugla%202019.pdf>

Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórsson. (1980). *Landið þitt Ísland*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

# Viðauki I

Stj.tíð. B, nr. 101/1978.

Sérprentun nr. 336.

Auglýsing um friðlýsingu Dyrhólaeyjar, Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Dyrhólaey, Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, og er eyjan friðland.

*Mörk friðlandsins:* Að vestan hugsuð lína úr fjöruborði við eyjuna 5 m vestan Hildardrangs. Þaðan boglína 50 m frá brekku- eða bergrotum allt austur að Útfalli, þó vel norðan jökulurðarinnar norður af vestanverðri Lágey. Síðan ræður Útfallið til sjávar en að sunnan sjávarströnd að vesturmörkum við Hildardrang. Friðlýsingarákvæðin gilda einnig um Arnardrang við Útfallið, svo og alla dranga og sker út af Dyrhólaey.

*Um friðlandið gilda þessar reglur:*

1. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt án leyfis [Umhverfisstofnunar]. Mannvirkjum, sem á friðlandinu eru, skal vel við haldið.
2. Hefðbundnar grasnytjar bænda í Dyrhólahreppi fá að haldast. Heildarfjöldi búfjár skal vera í samræmi við beitarþolsrannsókn sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins lætur gera. Öll beit er þó bönnuð fyrir 25. júní ár hvert og óheimilt er að halda stórgripum til beitar þar. Skal friðlandið girt fjárheldri girðingu. Aburðargjöf og uppgræðsla lands skal fara fram í samráði við náttúruverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.
3. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði. Hefðbundnar nytjar bænda í Dyrhólahreppi á æðavarp, fýl og lunda fá þó að haldast svo sem verið hefur. Notkun skotvopna er bönnuð í Dyrhólaey og næsta nágrenni.
4. Almenni er heimil för um eyjuna í lögmætum tilgangi en leyfi þarf til að tjalda. [Umhverfisstofnun] getur þó takmarkað ferðir þangað á tímabilinu 1. maí til 25. júní. Akstur utan vega er bannaður. Umferð með hesta er heimil um eyjuna og stutt áning þar en lausaganga hesta er bönnuð. [Umhverfisstofnun] getur falið sérstakri umsjónarnefnd umboð sitt.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. febrúar 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson

Birgir Thorlacius

# Viðauki II






# DYRHÓLAEY



# Viðauki III

## Deiliskipulag



# Viðauki IV

**Tafla 1. Gróðurfar í friðlandinu Dyrhólaey skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands, helstu tegundir.<sup>38</sup>**

Tegund	Verndargildi	Á lista Bernarsamnings
Graslendi: Grasengjavist	Hátt	Já
Moslendi: Hraungambravist	Lágt	Nei
Mólendi: Lyngmóavist	Miðlungs	Já
Starmóavist	Miðlungs	Nei
Víðikjarrvist	Mjög hátt	Já
Skriður og klettur: Ljónslappaskriðuvist	Lágt	Já
Urðarskriðuvist	Miðlungs	Já
Votlendi: Gulstararflóavist	Mjög hátt	Já
Hossanálarvist	Miðlungs	Já
Rekjuvist	Miðlungs	Já
Starungsmýravist	Mjög hátt	Já
Melar og sandlendi: Grasmelavist	Lágt	Nei
Strandlendi: Grashólavist	Hátt	Já
Sandstrandarvist	Lágt	Nei
Sjávarkletta- og eyjavist	Hátt	Já
Grýttar fjörur: Hrúðurkarlafjörur	Lágt	Já
Setfjörur: Líflitlar sandfjörur	Lágt	Já

<sup>38</sup> <http://vistgerdakort.ni.is/>

# Viðauki V

## Samráðsaðilar

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar var haft samráð við landeigendur, sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni var til.

Eftirtaldar stofnanir, félagasamtök og einstaklingar fengu einnig sent bréf vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunina:

- |   |                                   |
|---|-----------------------------------|
| ~ Umhverfis- og auðlindaráðuneyti           | ~ Hafrannsóknastofnunin           |
| ~ Náttúrufræðistofnun Íslands               | ~ Isavia                          |
| ~ Náttúrustofa Suðurlands                   | ~ Katla Geopark                   |
| ~ Rannsóknarsetur Suðurlands                | ~ Kötlusetur                      |
| ~ Minjastofnun Íslands                      | Landgræðslan                      |
| ~ Minjavörður Suðurlands                    | ~ Landvernd                       |
| ~ Björgunarsveitin Víkverji                 | ~ Lögreglan á Suðurlandi          |
| ~ Dynskógar, sögufélag Vestur-Skaftfellinga | ~ Markaðsstofa Suðurlands         |
| ~ Eva Dögg Þorsteinsdóttir                  | ~ Náttúruverndarsamtök Íslands    |
| ~ Ferðafélag Íslands                        | ~ Náttúruverndarsamtök Suðurlands |
| ~ Ferðafélag Mýrdælinga                     | ~ Samgöngustofa                   |
| ~ Ferðafélagið Útivist                      | ~ Samtök ferðaþjónustunnar (SAF)  |
| ~ Ferðamálastofa                            | ~ Skipulagsstofnun                |
| ~ Félag hópferðaleyfishafa                  | ~ Skógræktarfélag Íslands         |
| ~ Félag leiðsögumanna                       | ~ Slysavarnarfélagið Landsbjörg   |
| ~ Fiskistofa                                | ~ Vegagerðin                      |
| ~ Flugmálafélag Íslands                     | ~ Vegagerðin, þjónustusvið        |
| ~ Fuglavernd                                |                                   |



September 2021

*Fyrir hönd Umhverfisstofnunar:*

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri

Guðbjörg Gunnarsdóttir, sérfræðingur

Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
umhverfis- og auðlindaráðherra